

Akraneskaupstaður
Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri
Stillholti 16-18
300 Akranesi

Reykjavík, 22. september 2016.

Efni: Þróun fasteignamats atvinnuhúsnæðis og álagning fasteignaskatta

Í tilefni af fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, sem hefst í dag, og yfirstandandi gerð fjárhagsáætlana hjá sveitarfélögum landsins, vill Félag atvinnurekenda vekja athygli á og ítreka eftirfarandi ályktun stjórnar félagsins frá 14. júní síðastliðnum.

„Stjórn Félags atvinnurekenda skorar á sveitarfélög landsins að endurskoða álagningarprósentu fasteignagjalda til að mæta miklum hækkunum á fasteignamati atvinnuhúsnæðis undanfarin ár.

Í síðustu viku var sagt frá nýju fasteignamati fyrir árið 2017. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkar um 7,6% á landinu en 9,1% á höfuðborgarsvæðinu. Að óbreyttu þýðir þetta hundruð milljóna króna í aukna skatta á atvinnulífið. Fyrirtæki mega síst við slíkum álögum nú þegar mörg þeirra eiga fullt í fangi með að standa undir launahækkunum vegna nýgerðra kjarasamninga án þess að velta þeim út í verðlagið.


FA vekur athygli á því að á síðastliðnum fimm árum hefur fasteignamat atvinnuhúsnæðis á landinu hækkað um tæplega 36% að meðaltali. Á Höfuðborgarsvæðinu hefur það hækkað um 40%. Af sveitarfélögum á Höfuðborgarsvæðinu eru það eingöngu Kópavogur og Seltjarnarnes sem hafa mætt miklum hækkunum með lækkun á álagningarprósentu sinni. Þannig hafa þessi tvö sveitarfélög haldið tekjum sínum af fasteignagjaldi fyrirtækja nokkuð stöðugum. Önnur sveitarfélög, þar með talin Reykjavíkurborg, hafa haldið álagningarpróscentunni óbreyttri og fengið hundruð milljóna í tekjuauka, alveg óháð afkomu fyrirtækjanna.

Fasteignagjald er í eðli sínu óheppileg skattheimta á fyrirtæki, sem leggst á eigið fé þeirra óháð afkomu. Hækkunir á fasteignaverði og þar með fasteignamati hafa ekkert um afkomu flestra fyrirtækja að segja, en stuðla að aukinni skattbyrði þeirra. FA skorar á sveitarfélögin að taka mið af þessu, milda höggið fyrir fyrirtækin og létta þannig á þrýstingi á verðhækkunir.“

FA leyfir sér ennfremur að vekja athygli á því að álagningarprósenta Akraneskaupstaðar á atvinnuhúsnæði (C-flokkur) hefur verið óbreytt, 1,650%, undanfarin ár. Tekjur bæjarins af fasteignaskatti á atvinnuhúsnæði hækkuðu úr 158 milljónum króna árið 2013 í 174 milljónir árið 2015.

FA óskar eftir því að erindi þetta verði tekið til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar bæjarins fyrir árið 2017.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA